

Fundargerð

163. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins þriðjudaginn 10. janúar 2012 kl. 12⁰⁰–13⁴⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)
Ögmundur Einarsson (ÖE) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ)
Halldór Haraldsson (HH) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Samningur við stýrinefnd og fundur með umhverfisráðuneytinu
- (3) Ráðstöfun spilliefna - hækkun
- (4) Lagabreytingar
- (5) Önnur mál

Guðmundur setti fund og bauð Lárus M.K. Ólafsson velkominn til starfa í stjórn Úrvinnslusjóðs.

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (162. fundar).

2. Samningur við stýrinefnd og fundur með umhverfisráðuneyti

GGÞ fór yfir fund sem hann og ÓK áttu með fulltrúum umhverfisráðuneytisins þann 9. janúar sl. Þar voru rædd drög að samningi milli Úrvinnslusjóðs og stýrinefndar. Hann upplýsti að fulltrúar ráðuneytisins hefðu gert nokkrar athugasemdir við drögin sem óskað var eftir að fá skriflegar.

Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkir að ÚS sendi SN reikning vegna vinnu starfsmanna hans. Skipta skal reikningum á milli ára og vinnu fyrir fyrri og núverandi stýrinefnd.

Stjórn óskar eftir því að formaður boði fulltrúa umhverfisráðuneytisins á næsta fund SN.

3. Ráðstöfun spilliefna – hækkun

Samkvæmt upplýsingum frá Kólku hefur boðaðri hækkun nú um áramótin, sem átti að vera umtalsverð, verið frestað fram á mitt ár 2012. Einungis yrði hækkað í samræmi við hækkun verðlags eða um 7-10%.

4. Lagabreytingar

Lagt var fram á fundinum minnisblað af fundi fulltrúa Úrvinnslusjóðs og Tollstjóra vegna fyrirhugaðarar álagningar á rafhlöður er koma í raftækjum til landsins o.fl.

5. Önnur mál

Engin. Fundi slitið kl 13:45. Dreifing: stjórn Úrvinnslusjóðs og á vefsíðu Úrvinnslusjóðs.